



ÆVINTÝRAFERÐ UM BRYGGJUHVFIÐ



Bryggjuhverfið

Bryggjuhverfið er nokkuð einangrað hverfi á mörkum Grafarvogs og Árbæjar. Hverfið byggðist upp í kringum síðustu aldamót. Hlé varð á uppbyggingu í hverfinu í um fimmtán ár en nú eru uppi áform um að halda áfram að byggja upp hverfið. Talið er að allt að 20.000 manns geti búið í hverfinu í framtíðinni. Í Bryggjuhverfinu enda öll götuheiti á -bryggja. Engar búðir, skólar eða leikskólar eru í hverfinu en vissulega er stutt upp á Höfða þar sem allt er til alls. Börn í hverfinu fara í leikskóla í Grafarvogi og oftast í Hamraskóla.

Í Bryggjuhverfinu eru alls sex leikvellar og auk þess góð fjara sem er merkt með "Á" á kortinu. Allir leikvellar hverfisins eru á vegum húsfélaga fyrir utan einn (nr. 6). Leiksvæðin eru öll nýleg og fín, en misspennandi. Stærsta leiksvæðið er við Gullinbrú (nr. 6) og þar er einnig hægt að grilla á kolagrilli. Bryggjuhverfið leynir heldur betur á sér og er afskaplega fallegt hverfi að ganga um, sérstaklega við bryggjusvæðið sjálft. Það er örlítið útlandalegt að ganga um þetta einstaka hverfi.

Engin almenningssalerni er að finna í hverfinu og hvergi er hægt að kaupa sér að borða. Hægt er að komast í hverfið með strætó nr. 6 og 24, sem stoppa á Gullinbrú.

Áður en þið hefjið ævintýrið er gott að lesa reglurnar og ábendingarnar sem eru á næsta blaði.

Góða skemmtun!




Nokkrir punktar áður en ævintýrið hefst

- Nokkrir hlutir sem er gott að hafa með sér í ævintýraferðir:
 - Vatnsbrúsi og gott nesti
 - Góðir skór og hugsanlega auka sokkar eða föt
 - Kortið sem fylgir, útprentað
 - Sími/myndavél (ef þið viljið eiga myndir úr ævintýrinu)
- Þó að sumir leikvellar séu **litlir** þýðir það ekki að þeir geti ekki verið spennandi, og öfugt, sumir **stórir** leikvellar eru ekkert endilega með mest spennandi tækin :)
- Þó að tillaga sé að bílastæði og leikvellar númeraðir þarf ekki að fara eftir kortinu. Auðvitað er hægt að stytta ferðina með því að sleppa úr nokkrum leikvöllum.
- Einhver leiksvæðanna gætu verið á einkalóðum fjölbýlishúsa. Passið að ónáða ekki íbúa þessara fjölbýlishúsa og farið vel með leiktækin, eins og gildir alls staðar. Ef íbúar vilja, einhverra hluta vegna, ekki fá aðra inn á lóðina til sín skal virða það í einu og öllu.
- Farið vel með leiktækin og umhverfið. Ekki henda rusli á jörðina eða vera með annan sóðaskap. Það væri mjög fallegt af ykkur að taka jafnvel rusl sem aðrir hafa skilið eftir og henda í næstu ruslafötu.
- Farið varlega. Sum leiktækin eru komin til ára sinna, sérstaklega við eldri fjölbýlishús. Það er á ykkar ábyrgð að slasa ykkur ekki á leiktækjum sem þyrfti að fara að endurnýja.



Bryggjuhverfið



- | | | |
|-----------------------------|----------------------|-------------------------------------|
| 1 Stór leikvöllur (6+ tæki) | Ungbarnaróla | Bekkur með bordi fyrir nestispáðu |
| 2 Miðlungs leikvöllur | Tillaga að bílastæði | S Spannandi tæki (t.d. ærslabelgur) |
| 3 Lítil leikvöllur | Sundlaug | WC Almenningsalerni |
| 13 Í nidurníðslu | Verslun eða matsala | Áhugaverður staður |